**Ráðstefna um háskólakennslu – Kennsluakademía opinberu háskólanna**

**Nafn/nöfn höfunda, starfsvettvangur eða vinnustaður, netfang tengiliðar:** Hólmdís Freyja Methúsalemsdóttir, Valgerður Árnadóttir og Sonja Stelly Gústafsdóttir. Háskólinn á Akureyri, Iðjuþjálfunarfræðideild, holmdis@unak.is

**Flytjandi erindis:** Hólmdís Freyja Methúsalemsdóttir

**Titill ágrips:** Að tilheyra í sveigjanlegu námi: Lykill að þátttöku og vellíðan í háskólanámi

Nútímasamfélag og þróun stafrænnar tækni hafa aukið aðgengi og sveigjanleika í háskólanámi, en jafnframt vakið spurningar um hvernig megi viðhalda mannlegum tengslum í námsumhverfi þar sem nemendur eru síður saman á einum stað. Mikilvægt er því að háskólar horfi einnig til þeirra þátta sem styðja við þátttöku, vellíðan og tengslamyndun nemenda.

Í iðjuvísindum er það *að tilheyra* (belonging) talið grundvallarþáttur mannlegrar velsældar. Hugtakið vísar ekki aðeins til félagslegrar aðildar heldur einnig upplifunar einstaklings af því að eiga hlutdeild í samfélagi, vera metinn að verðleikum og fá tækifæri til að leggja sitt af mörkum. Rannsóknir benda til þess að slík upplifun hafi jákvæð áhrif á sjálfsmynd, seiglu, þátttöku og árangur fólks meðal annars í hlutverki háskólanemans.

Allt grunnám við Háskólann á Akureyri (HA) er í boði sem sveigjanlegt nám. Það felur í sér að námið er óháð búsetu en nemendur mæta reglulega í námslotur þar sem áherslan er á verkefnavinnu og umræður. Þrátt fyrir að fyrirkomulagið auki aðgengi að námi virðist það ekki sjálfkrafa tryggja sterka tengingu við háskólasamfélagið. Það endurspeglast meðal annars í því að um 50% nemenda telur sig vera hluta af samfélagi starfsfólks og nemenda. Því er mikilvægt að háskólar þrói markvissar leiðir til að efla tengsl, þátttöku og tilfinningu nemenda fyrir því að tilheyra námsamfélaginu, óháð námsformi.

Í þessu erindi verður kynnt verkefni við Iðjuþjálfunarfræðideild Háskólans á Akureyri sem beinist að upplifun nemenda af því að tilheyra námssamfélagi í sveigjanlegu námi. Markmið verkefnisins er að varpa ljósi á hvernig nemendur skilgreina og upplifa að tilheyra, hvaða þættir stuðla að hlutdeild þeirra í námssamfélaginu og hvaða hindranir kunna að vera til staðar í stafrænu og dreifðu námsumhverfi. Kynntar verða frumniðurstöður verkefnisins og rætt hvernig nýta megi þær til að þróa námsumhverfi sem styður við virkari þátttöku, sterkari tengsl og aukna vellíðan nemenda.